

Bláskógaskóli 2017
Náttúrufræði
Lára Bergljót Jónsdóttir

Kannabis



Svarar Axel M. 10. bekkur

Um kannabis, sögu hennar og áhrif. Kannabis er plantan sem ég valdi og ástæðan fyrir valinu er að hún er mjög sérstök vegna þess að hún er vímugjafi og frekar umdeild. Plantan er græn á lit og líkist dálítið cassava. Kannabis er tvíkímblöðungur sem þýðir að fræ þeirra innihalda tvö kímblöð. Það er líka af rósaættbálknum sem er einn af níu ættum ættbálks tvíkímblöðunga.

Kannabis (líka þekkt sem gras eða hampur) er dulfrævingur og er þá í dulfrævingaættkvísl sem skiptist í þrjá meginstofna: cannabis indica, cannabis sativa og cannabis rudelaris. Í háblöðum og bikarblöðum kvenplantna myndast efni sem nefnast kannabínóíðar og best rannsökuðu kannabínóíðarnir eru tetrahydrocannabinol (THC), cannabidiol (CBL) og cannabinol (CBN). Fundist hafa a.m.k. 85 kannabínóíðar, en þessi efnamyndun er mjög mismunandi frá einni plöntu til annarrar. Enn er margt óljóst í sambandi við kannabínóíða, en ljóst þykir að þeir eru hugvíkkandi efni plöntunnar. (wikipedia/kannabis [okt 2017])

Áður fyrr kölluðust afurðir plöntunnar einu nafni hampur, en í nútímamerkingu er það notað yfir þær plöntur sem gefa af sér aðrar afurðir en vímugjafa. Plantan er neytt sem vímugjafi á ýmsa vegu. Algengast er að óunnið brum sé neytt, að kristöllum plöntunnar sé þjappað saman til að búa til hass og úr því er einnig unnin hassolía. Hampur er planta sem hefur verið ræktuð í nær 5000 ár. Plantan á uppruna sinn að rekja til Asíu, en er í dag ræktuð um allan heim. Í stöngli plöntunnar eru langar og grófar trefjar sem nýtast vel til iðnaðar og úr hampi hafa lengi verið unnin m.a. reipi og vefnaðarvörur. (wikipedia/kannabis [okt 2017])

Kannabis var gert ólöglegt í byrjun síðustu aldar víðast í hinum vestræna heimi. Það var bannað á Bretlandi árið 1928 og sett voru takmörk á það í Bandaríkjunum árið 1937. Kannabis er ólöglegt í mörgum löndum þó hefur átt sér stað afgangsmæðing smárra skammta víða. En kannabis getur líka haft jákvæð áhrif því verið er að kanna áhrif kannabis á ýmsa kvilla. Talið er að það hafi jákvæð áhrif hjá þeim sem gangast undir meðferði við krabbameini með því að minnka ógleði þeirra. Það gæti einnig hjálpað til við að minnka þrýsting í augum þeirra sem þjást af gláku. Að auki er það talið bæta astmaköst, og minnka einkenni sumra hreyfisjúkdóma. (wikipedia/kannabis [okt 2017])

Það mætti segja að kannabis sé frekar fjölbreytt planta því hægt er að gera svo margt með henni þótt það sé til góðs eða ills. Mér finnst líka mjög áhugavert og kom það mér á óvart hversu víða hún lifir í heiminum þrátt fyrir bann hennar sem er algengt.

Heimildaskrá

https://is.wikipedia.org/wiki/Kannabis#Saga_kannabisefna

[Bókin: Lífheimurinn](#)